



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 8. júní 2022

Tilvísun: 2022050159

Tilvísun yðar:

Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um starfskjör, 589 mál.

Embætti ríkislögreglustjóra (RLS) vísar til beiðni nefndarsviðs Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um starfskjör, 589 mál.

Eins og fram kemur í 9. gr. frumvarpsins er reiknað er með auknu eftirliti Vinnumálastofnunar á vinnustöðum og í 8. mgr. 9. gr. kemur fram starfsmönnum Vinnumálastofnunar sé heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við framangreint eftirlit þegar slíkt er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar. Í 12. gr. er gert ráð fyrir aðkomu lögreglu til aðstoðar við að framfylgja vinnustöðvun að beiðni Vinnumálastofnunar.

Í 17. og 18. gr. frumvarpsins er fjallað um samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sem í situr aðili tilnefndur af hálfu ríkislögreglustjóra og þá er í 19. gr. fjallað um samstarfsvettvang eftirlitsaðila, þ.m.t. embætti lögreglustjóra.

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir 175,7 milljóna króna árlegum kostnaði vegna fjölgunar starfsfólks hjá Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins sem ætlað er aukið hlutverk frá því sem nú er við eftirlit í því skyni að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði. Til viðbótar er gert ráð fyrir 76 milljóna einskiptiskostnaði vegna hugbúnaðargerðar hjá Vinnumálastofnun í tengslum við aukið eftirlit stofnunarinnar á vinnumarkaði.

Það er rétt að benda á að ekki hefur verið tekið tillit til aukins kostnaðar vegna aukinna verkefna hjá lögreglu verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Sem dæmi má benda að samstarfsvettvangur á grundvelli 19. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir sameiginlegum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, m.a. með eftirliti, virkri eftirfylgni, greiningarvinnu og upplýsingamiðlun milli aðila innan þeirra marka sem lög heimila. Þarna er lögreglu ætlað að leggja til þekkingu við

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

greiningu og úrvinnslu upplýsinga, en við það myndast kostnaður hjá lögreglu, að auki við aðgerðir í 9., 12., 17. og 18. gr.

Mikilvægt er að svo markmið frumvarpsins ná fram að ganga, að aukin verkefni lögreglu verði einnig kostnaðarmetin og fjármögnun tryggð.

F.h. embættis ríkislögreglustjóra,
Helgi Valberg Jensson, yfirlögfræðingur.